24. gr.

Sjóðstjórn er heimilt samkvæmt sérstakri umsókn að veita námsmanni námsstyrk umfram veitt námslán, enda geri örorka, heimilisaðstæður eða annað það sem eigi verður talið á valdi námsmanns honum illmögulegt að stunda nám sitt ella.

25. gr.

Námsstyrkir samkv. ákvæðum þessa kafla skulu að öðru jöfnu greiddir samtímis námslánum samkv. III. kafla reglugerðarinnar.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

26. gr.

Heildarsamtök íslenskra námsmanna erlendis geta farið þess á leit við ráðherra, að Lánasjóður íslenskra námsmanna innheimti félagsgjald til samtakanna af þeim námsmönnum sem njóta aðstoðar frá sjóðnum til náms erlendis. Í umsókn skal stjórn samtakanna gera grein fyrir starfsemi þeirra, einkum að því er varðar fyrirgreiðslu við námsfólk, og gera tillögu um gjaldfjárhæð.

Verði ráðherra við slíkum tilmælum skal í bréfi ráðuneytisins til sjóðsstjórnar auk nafns og heimilisfangs samtakanna greina fjárhæð árgjalds, gjaldskyldu námsmanna og innheimtuskyldu sjóðsstjórnar, sbr. 2. málsgr. 16. gr. laga nr. 57/1976.

27. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 16. gr. laga nr. 57/1976, um námslán og námsstyrki, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um úthlutun lána og styrkja, settar samkv. lögum nr. 7/1967.

Ákvæði til bráðabirgða.

Haustið 1976 skal veita námsaðstoð til eins námsmisseris, þ. e. fyrir tímabilið til ársloka 1976.

Meðan unnið er að skipulagningu mánaðarlegra útborgana, sbr. 13. gr., skal útborgun námsaðstoðar skipt eftir því sem föng eru á.

Menntamálaráðuneytið, 26. september 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Knútur Hallsson.

17. nóvember 1976. Nr. 403.

REGLUGERÐ

um úthlutun lána og byggingu 750 leigu- og söluíbúða sveitarfélaga.

1. gr.

Á árunum 1977—1981 skal Húsnæðismálastofnun ríkisins heimila sveitarfélögum að hefja byggingu eða festa kaup á eigi færri en 150 leigu- eða söluíbúðum ár hvert eða samtals 750 íbúðum á þessu tímabili.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal veita lán til þessara framkvæmda, enda sé eftirspurn eftir lánum af hálfu sveitarfélaga.

Lánakjör skulu vera sem hér segir:

a. Lánsfjárhæð nemi allt að 80% byggingarkostnaðar íbúðar, sbr. nánar 4. gr.
b. Lánstími skal vera 33 ár.
c. Lánin skulu vera afborgunarlaus fyrstu 3 árin en endurgreiðast síðan á 30 árum.
d. Lánakjör skulu að öðru leyti vera hin sömu og almenn lánakjör Byggingarsjóðs ríkisins eins og þau eru á hverjum tíma.

2. gr.

Þau sveitarfélög, sem hyggjast byggja íbúðir samkvæmt reglugerð þessari, skulu senda umsóknir sínar til Húsnæðismálastofnunar ríkisins fyrir 1. ágúst ár hvert vegna þeirra íbúða, sem þau hyggjast byggja á næsta ári.

Umsóknum sveitarfélaga um lán samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja áætlun hvenær framkvæmdir hefjast og hvernig sveitarfélagið hyggst fjármagna sinn hluta framkvæmdanna. Einnig skulu sveitarfélög gera grein fyrir skiptingu íbúðanna í leiguíbúðir og söluíbúðir.

Við úthlutun lána skal húsnæðismálastjórn láta þau sveitarfélög sitja fyrir um lán, sem brýnasta þörf hafa fyrir leiguíbúðir að mati húsnæðismálastjórnar.

3. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal láta gera áætlun um byggingu íbúða samkvæmt reglugerð þessari. Skal hún endurskoðuð árlega og skal þeirri endurskoðun lokið eigi síðar en 1. október ár hvert fyrir framkvæmdir, sem hefjast skulu næsta ár á eftir.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal vera sveitarfélögum til ráðuneytis varðandi undirbúning framkvæmda og tæknilega aðstoð, eftir því, sem óskað verður eftir og fært þykir.

Þar sem sveitarfélög standa sjálf fyrir framkvæmdum skal fela þriggja manna framkvæmdanefnd stjórn framkvæmda, og skal hún kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn. Nefndin kýs sér sjálf formann.

4. gr.

Þegar húsnæðismálastjórn hefur samþykkt lánveitingu og framkvæmdir eru ákveðnar, skal gerður samningur við hlutaðeigandi sveitarstjórn um fjármögnun framkvæmdanna í samræmi við 1. gr. þannig að Byggingarsjóður ríkisins veiti lán, sem nemur allt að 80% byggingarkostnaðar, en sveitarfélagið kosti framkvæmdina að 20%.

Sveitarstjórn eða framkvæmdanefnd skal leita eftir tilboðum eða samningum um byggingaframkvæmdirnar í heild eða einstaka þætti þeirra, eftir því sem hagkvæmt þykir. Heimilt er sveitarstjórnum að leita eftir kaupum á fullgerðum íbúðum hjá byggingafyrirtækjum.

Verksamningar og kaupsamningar, sem sveitarfélag kann að gera samkvæmt reglugerð þessari eru háðir samþykki húsnæðismálastjórnar.

Séu tilboðsfjárhæðir eða kaupsamningar varðandi framkvæmdir samkvæmt reglugerð þessari óeðlilega háir að mati Húsnæðismálastofnunar ríkisins, skal fara fram endurútboð, ef stofnunin óskar þess, á landshluta- eða landsgrundvelli á fyrirhuguðum framkvæmdum. Fáist þannig hagstæðara verð á framkvæmdunum, sem sveitarstjórn þó hafnar, er ekki heimilt að gera lánssamning fyrir hærri fjárhæð en hagstæðasta verð gefur tilefni til.

Húsnæðismálastofnun ríkisins getur enn fremur lagt fyrir sveitarstjórn að leita tilboða í einstaka verkþætti eða verkhluta, ef að hennar mati er líklegt að lækka megi byggingarkostnað á þann hátt. Fáist þannig hagstæðara verð á framkvæmdunum sem sveitarstjórn þó hafnar, skal lánssamningur lækka, sem því nemur.

5. gr.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn skal sjá um og vera ábyrg fyrir bókhaldi og sjóðsgreiðslum vegna íbúðabygginga samkvæmt reglugerð þessari. Kostnaður vegna þessa og starfa framkvæmdanefnda sveitarfélaganna telst til byggingarkostnaðar.

Allar greiðslur vegna framkvæmdanna skulu fara fram í gegnum reikning í opinberri lánastofnun, að lokinni staðfestingu eftirlitsmanns.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að kerfjast þeirra trygginga sem stjórnin metur gildar vegna þess hluta byggingarkostnaðar sem sveitarfélagið á að greiða skv. 4. gr.

6. gr.

Sveitarfélög skulu leggja til lóðir án endurgjalds undir íbúðarhús, sem byggð eru samkvæmt reglugerð þessari. Gjöld, sem lögð eru á í sveitarfélagi og tengd úthlutun lóðar og byggingu húss, s. s. gatnagerðargjöld og holræsagjöld, teljast til byggingarkostnaðar.

Hafa ber fullt samráð við Húsnæðismálastofnun ríkisins um frágang íbúða. Frágangur lóða skal vera í samræmi við byggingarskilmála hvers byggðarlags.

Óheimilt er að telja kostnað við byggingu bílskúra með byggingarkostnaði íbúða.

7. gr.

Leiguíbúðir, sem byggðar verða samkvæmt reglugerð þessari skulu vera hagkvæmar og ódýrar og byggðar í sambýlishúsum. Þær skulu vera staðlaðar eftir því sem við verður komið. Þar sem aðstæður í sveitarfélagi koma í veg fyrir byggingu sambýlishúsa, er húsnæðismálastjórn þó heimilt að leyfa byggingu rað- eða einbýlishúsa.

Stærð íbúða má vera allt að 100 m^2 samkvæmt mælingareglum Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

8. gr.

Þegar sveitarstjórn selur á leigu íbúð, sem byggð hefur verið samkvæmt reglugerð þessari, skal íbúðin auglýst á tryggilegan hátt. Þeir umsækjendur, sem uppfylla ákvæði 24. gr. laga nr. 30/1970, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir um leigu á íbúðum þessum.

9. gr.

Sveitarstjórn skal árlega ákveða upphæð húsaleigu fyrir íbúðir, sem byggðar eru samkvæmt þessari reglugerð. Við ákvörðun leigunnar skal m. a. hafa hliðsjón af greiðslubyrði vegna lána til hlutaðeigandi húsnæðis og atvinnutekjum leigutaka. Húsnæðismálastjórn skal láta gera form að leigusamningi fyrir sveitarfélög. Í leigusamningi skal vera ákvæði um uppsagnarfrest og má hann eigi vera skemmri en 6 mánuðir.

10. gr.

Sveitarstjórn, sem hefur í hyggju að byggja söluíbúðir samkvæmt reglugerð þessari, skal rannsaka þörfina fyrir slíkar íbúðir, með því m. a. að auglýsa eftir umsækjendum og afla upplýsinga um eftirtalin atriði:

1. Atvinnu umsækjenda.
2. Húsnæðisaðstöðu þeirra.
3. Fjölskyldustærð.
4. Tekjur umsækjenda og eignir síðustu þrjú ár.

Umsóknarfrestur má ekki vera skemmri en 3 vikur. Í auglýsingu skal greina fjölda íbúða, stærðir þeirra og gerð, eftir því sem unnt er.

Niðurstöðu slíkrar rannsóknar skal sveitarstjórn láta fylgja umsókn um lán til byggingar íbúða skv. 2. gr.

11. gr.

Þegar Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur tilkynnt sveitarstjórn um þann fjölda söluíbúða, sem heimilað verður að byggja, skal sveitarstjórn úthluta íbúðunum til umsækjenda, og skulu þeir sem uppfylla ákvæði 24. gr. l. 30 12. maí 1970 sitja fyrir um úthlutun íbúðanna.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal staðfesta sölusamninga íbúða samkvæmt þessari grein.

12. gr.

Við úthlutun íbúðar og gerð kaupsamnings skal kaupandi greiða 10% áætlaðs byggingarkostnaðar íbúðar.

Eigi síðar en við afhendingu íbúðar skal kaupandi greiða það sem á vantar, þannig að hann hafi þá greitt 20% endanlegs byggingarkostnaðar íbúðar.

Um lánveitingu úr Byggingarsjóði ríkisins á byggingartímanum fer skv. ákvæðum 4. gr.

13. gr.

Þegar lokið er byggingu söluíbúðar, og hún afhent skal kaupandi yfirtaka lán það, sem veitt var sveitarfélaginu skv. 4. gr. eða hluta þess, eftir því hve stór hluti hlutaðeigandi íbúð er af framkvæmdinni allri, að viðbættum kostnaði vegna lántökunnar, gegn skriflegu afsali fyrir íbúðinni frá sveitarfélaginu.

Kaupandi greiðir stimpil- og þinglýsingarkostnað skjala sem út eru gefin vegna kaupanna.

14. gr.

Þau sveitarfélög, sem fá heimild til að byggja 5 íbúðir eða fleiri, skulu að minnsta kosti byggja ⅕ hluta heildarfjölda íbúðanna sem leiguíbúðir.

Ef aðstæður breytast hinsvegar á þann veg í sveitarfélagi, að ekki verður lengur talin þörf fyrir allar þær leiguíbúðir, sem þar eru fyrir og byggðar hafa verið samkvæmt reglugerð þessari, getur húsnæðismálastjórn heimilað sölu leiguíbúðar. Skal þá gætt ákvæða 10.—13. gr. varðandi ráðstöfun íbúðar, og 15. gr. að því er snertir söluverð.

15. gr.

Þegar byggingaráfanga er lokið samkvæmt framkvæmdalánssamningi, skal tæknideild húsnæðismálastjórnar gera úttekt á verkinu og að því loknu gera tillögu til húsnæðismálastjórnar um breytingu framkvæmdalánsins í fast lán. Eftir að sveitarstjórn berst í hendur tilkynning frá húsnæðismálastjórn um slíka breytingu skal sveitarstjórn innan eins mánaðar undirrita skuldabréf fyrir lánunum og endurgreiða með andvirði þeirra framkvæmdalánið með áföllnum vöxtum af því.

Dragi sveitarfélagið uppgjör framkvæmdalánsins umfram framangreindan tíma, skal reikna hæstu lögleyfða fasteignalánsvexti af skuldinni frá þeim tíma sem fasta lánið var tilbúið til afgreiðslu og reiknast slíkir vextir ekki með byggingarkostnaði íbúðar.

Vextir af framkvæmdaláninu meðan á byggingu stendur reiknast með byggingarkostnaði. Þinglestur, stimpilgjöld og annan lántökukostnað greiði lántaki sjálfur.

16. gr.

Óheimilt er að veðsetja íbúðir, sem byggðar hafa verið samkvæmt reglugerð þessari, án samþykkis húsnæðismálastjórnar. Heildarveðsetning íbúðar má aldrei vera hærri en nemur kostnaðarverði eignarinnar að viðbættu álagi samkvæmt grein þessari og að frádreginni fyrningu.

Íbúðareiganda, sem eignast hefur íbúð samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, er óheimilt að selja hana á leigu, nema með samþykki sveitarstjórnar.

Enginn sem eignast hefur slíka íbúð, má selja hana nema sveitarstjórn hafi áður hafnað forkaupsrétti. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kostnaðarverð hennar. Þó má söluverðið hækka sem svarar til þeirrar hækkunar sem orðið hefur á vísitölu byggingarkostnaðar frá þeim tíma, sem íbúðin var tekin í notkun til söludags, að frádregnum þeim hluta láns úr Byggingarsjóði ríkisins, sem eftir stendur þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum lánsins, enda greiði hann upp helming eftirstöðva lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, mun hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

17. gr.

Nú er íbúð, sem byggð hefur verið samkvæmt reglugerð þessari, seld á nauðungaruppboði, semkvæmt lögum nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, og getur sveitarstjórn þá neytt forkaupsréttar síns og krafist þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð sveitarstjórn út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina eða á söluverði, samkvæmt 15. gr., ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveðið áður en liðinn er sá frestur, sem uppboðshaldari hefur samkvæmt uppboðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari sveitarstjórn hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá úr veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni samkvæmt 36. gr. laga nr. 57 25. maí 1949 um nauðungaruppboð.

Íbúðir, sem sveitarfélag eignast samkvæmt þessari grein, er heimilt að endurselja að fullnægðum skilyrðum þessarar reglugerðar.

Kvöðum um verð og ráðstöfunarrétt íbúða, sem byggðar verða samkvæmt reglugerð þessari, má ekki létta af íbúðunum, nema fylgt sé ákvæðum 16. gr.

18. gr.

Reglugerð þessi gildir um þær leiguíbúðir, sem bygging hefur þegar verið hafin á samkvæmt reglugerð 45/1974, eftir því sem við getur átt.

Um þær leiguíbúðir, sem þegar hefur verið gerður samningur um og heimilað verður að selja, skulu gilda ákvæði 10.—13. gr. þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins sbr. lög nr. 59 30. apríl 1973 og lög nr. 38 24. maí 1976, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. nóvember 1976.

Gunnar Thoroddsen.

Hallgrímur Dalberg.

12. október 1976. Nr. 404.

SAMÞYKKT

um breytingar á samþykkt um hundahald á Seltjarnarnesi nr. 92/1975.

1. gr.

2. gr. 1. mgr. hljóðar svo:

Bæjarstjórn er þó heimilt að veita undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum: